



Ár 2008, þriðjudaginn 16. desember, var í Héraðsdómi Reykjavíkur í málinu nr.

E-7303/2006:

Holberg Másson

gegn

Íslenska ríkinu

kveðinn upp svohljóðandi

d ó m u r

I

Mál þetta, sem dómtekið var þriðjudaginn 18. nóvember sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Holberg Mássyni, kt. 210954-3339, Mímisvegi 6, Reykjavík, með stefnu, birtri 27. nóvember 2006, á hendur Íslenska ríkinu.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð kr. 700.000 með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 19. janúar 2006 til dómsuppsögu, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er þess krafizt, að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

-

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati réttarins.

II

Málavextir

Málavextir eru þeir, að stefnandi var handtekinn hinn 19. janúar 2006 af lögreglu ásamt tveimur erlendum mönnum, eftir fund, sem þeir áttu í Íslandsbanka, þar sem talið var, að stefnandi væri viðriðinn tilraun til að selja Íslandsbanka falsaða bankaábyrgð. Var stefnandi í haldi til næsta dags. Aðilum ber ekki saman um málavexti í verulegum atriðum og lýsir stefnandi þeim svo, að í umrætt sinn hafi hann farið á viðskiptafund í Íslandsbanka ásamt Jose Luis Pereira Gomes og Jose Luise Orozco Diezma í þeim tilgangi að kanna grundvöll viðskipta Orozco stofnunarinnar við Íslandsbanka. Á svipuðum tíma hafi hann einnig leitað til bankans til að kanna mögulega fjármögnun bankans á kaupum bankaábyrgðar að fjárhæð EUR 60.000.000, sem maður að nafni Jan Wilk hefði boðið stefnanda til kaups. Kveður stefnandi umræddan Jan Wilk einnig hafa boðið Íslandsbanka að festa kaup á þessari sömu bankaábyrgð, fyrst 2. janúar 2006 og aftur hinn 12. janúar sama ár. Kristján Þórarinn Davíðsson, starfsmaður bankans, hafi falið stefnanda að sjá til þess, að bankanum yrði veitt heimild Jans Wilk til að kanna áreiðanleika ábyrgðarinnar, en leyfið hafi komið hinn 12. janúar 2006. Stefnandi kveðst hafa aðstoðað Íslandsbanka við öflun leyfis fyrir áreiðanleikapróf á bankaábyrgðinni og hafi hann eingöngu verið milliliður, en á þessum tíma hafi hann aldrei séð bankaábyrgðina.

Stefnandi kveðst hafa átt fund í Íslandsbanka hinn 18. janúar 2006 ásamt Jose Luis Pereira Gomes, og hafi sá fundur á engan hátt tengzt umræddri bankaábyrgð. Daginn eftir hafi þeir síðan mætt aftur á fund í bankanum, og hafi Jose Luise Orozco Diezma einnig verið mættur. Á þeim fundi hafi starfsmenn Íslandsbanka tilkynnt stefnanda, að bankaábyrgðin í eigu Jan Wilk væri fölsuð.

Þremmingunum hafi einnig verið tjáð, að lögreglan væri komin á staðinn og óskaði eftir því að ræða við þá um málið. Kveður stefnandi þetta hafa komið sér í opna skjöldu, enda hefði hann verið staddur þarna í öðrum tilgangi, auk þess sem hann hefði aldrei séð umrædda ábyrgð, hún ekki í hans eigu og bankinn verið fenginn til að kanna áreiðanleika ábyrgðarinnar. Hann hafi því verið grunlaus um hugsanlega fölsun.

Stefnandi kveðst engu að síður hafa verið handtekinn, sem og mennirnir tveir, er fundinum lauk, eða kl. 15.03. Þeir hafi verið fluttir niður á lögreglustöðina við Hverfisgötu til yfirheyrslna. Kveður stefnandi, að samkvæmt gögnum málsins hafi skýrslutaka af stefnanda ekki hafizt fyrr en kl. 20:47, eða 5 klukkutímum og 47 mínútum eftir að hann var handtekinn. Eftir að skýrslutöku lauk hafi hann aftur verið settur í fangaklefa, og hafi hann verið í haldi lögreglu, þar til hann var færður fyrir dómara kl. 15.53 daginn eftir, þann 20. janúar. Fyrir dómi hafi verið farið fram á, að stefnandi sætti farbanni. Farbannskröfu lögreglu hafi verið hafnað, þar sem dómari hafi ekki getað séð, að gögn lægju fyrir, sem renndu styrkum stoðum undir grunsemdir lögreglu um, að stefnandi væri viðriðinn tilraun Jans Wilk til að framvísa falsaðri bankaábyrgð. Stefnandi hafi verið látinn laus klukkan 16.55 þann 20. janúar, eða 25 klukkutímum og 47 mínútum eftir að hann var handtekinn.

Við rannsókn málsins hafi stefnandi verið yfirheyrður tvisvar sinnum. Fyrst þann 19. janúar og aftur þann 26. sama mánaðar. Leit í húsnæði og bíl stefnanda hafi einnig verið framkvæmd með samþykki hans 20. janúar. Á þeim tíma hafi legið ljóst fyrir, eins og segi í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, að gögn málsins renndu ekki styrkum stoðum undir grunsemdir lögreglu um að stefnandi væri viðriðinn tilraun Jans Wilk til að framvísa falsaðri bankaábyrgð. Rannsóknin hafi staðið yfir í hálf ár, án þess að nokkuð annað kæmi í ljós, sem tengdi stefnanda við fölsun bankaábyrgðarinnar. Það þyki nú ljóst, að skjalið hafi stafað frá erlendum aðilum og að ofangreindir menn hafi enga vitneskju haft um, að skjalið væri falsað. Stefnandi hafi hvorki séð ábyrgðina né framvísað henni í Íslandsbanka vegna hugsanlegrar sölu Jans Wilk á henni. Þann 29. júní 2006 hafi stefnandi fengið tilkynningu um, að rannsókn málsins hefði verið felld niður, enda ekkert komið fram, sem tengdi hann við fölsun bankaábyrgðarinnar.

Stefnandi kveður handtökuna og dvöl í fangaklefa lögreglunnar hafa haft mikil áhrif á andlega líðan sína. Þá hafi atvik sem þetta haft áhrif á trúverðugleika stefnanda, sem vinni sjálfstætt sem viðskiptaráðgjafi, en handtökunni og meintu broti stefnanda hafi verið slegið upp í fjölmiðlum landsins. Þá hafi Jose Luis Pereira Gomes og Jose Luise Orozco Diezma, sem einnig hafi verið handteknir, slitið viðskiptum sínum við stefnanda í kjölfarið, með tilheyrandi tekjutapi fyrir stefnanda.

Stefndi mótmælir málavaxtalýsingu stefnanda og kveður málavexti vera þá, að umræddan dag, hafi Grétar Hannesson, lögfræðingur hjá Íslandsbanka hf., Kirkjusandi í Reykjavík, haft samband við lögregluna í Reykjavík og kveðið mann, að nafni Holberg Másson, hafa leitað til bankans og óskað þess, að bankinn keypti bankaábyrgð að fjárhæð 60.000.000 evra, gefna út af Fortis Bank í Brussel. Hafi málið verið tekið til athugunar innan Íslandsbanka hf. og m.a. verið leitað staðfestingar á áreiðanleika umræddrar bankaábyrgðar hjá Fortis Bank, sem hafi í tölvupósti staðfest, að umrætt skjal væri falsað. Hafi Grétar kveðið, að fyrirhugaður væri fundur með stefnanda og einhverjum mönnum í Íslandsbanka hf. að Kirkjusandi kl. 14.00 sama dag, þar sem ræða ætti umrædda bankaábyrgð.

Hafi Grétar m.a. óskað eftir aðstoð lögreglu við að koma fyrir upptökutækjum í fundarherberginu, en þeirri ósk hafi verið synjað. Hafi Grétar verið beðinn um að tilkynna stefnanda og fylgdarmönnum hans, að ábyrgðin væri talin fölsuð og að lögregla væri komin á vettvang. Í fundarlok voru stefnandi, Gomes og Diezma

handteknir og þeim tilkynnt af lögreglu, að þeir væru grunaðir um tilraun til stórfelldra fjársvika.

Stefndi kveður stefnanda hafa, við handtökuna, haft í fórum sínum svarta minnisbók, stærð A-4, og þar í hafi verið alls kyns laus blöð, þ.á m. ljósrit af bankaábyrgðum nr. BG-6475/33/24112005 og BG-6475/31/24112005, útgefnum af Joint-Stock Banka of Gas Industry „Gazprombank“, Namtekina Street 16/1, Moskvu, Rússlandi, 117420. Fjárhæð fyrrnefndu ábyrgðarinnar hafi verið \$250.000.000, en þeirrar síðarnefndu \$100.000.000. Einnig hafi þar verið að finna áætlanir um stórfelld byggingaáform í Portúgal og leiðir til fjármögnunar þeirra. Auk þess hafi þar verið tölvupóstur til Íslandsbanka hf. og til lögmanns stefnanda, Guðmundar Óla Björgvinssonar, auk skjala á rússnesku.

Einnig hafi Kristján Þ. Davíðsson, viðskiptastjóri á alþjóðasviði Íslandsbanka hf., haft samband við lögregluna í Reykjavík á framangreindum tíma, en hann hafi annazt samningsgerð við stefnanda vegna bankaábyrgðarinnar. Samkvæmt beiðni lögreglu hafi Kristján síðar staðfest erindi sitt við lögreglu með tölvupósti kl. 16.37 sama dag. Hafi hann sagt Holberg hafa viljað selja bankanum, fyrir hönd og að eigin sögn með fullu umboði frá Jan Wilk, eiganda Nastec Ltd., bankaábyrgð að fjárhæð 60.000.000 evra, útgefna af Fortis Bank, Brussel, Belgíu. Hann hafi viljað selja hana fyrir reiðufé með afföllum, sem væru þóknun bankans (og hans) og talað um, að Wilk hefði þegar selt tvær slíkar, aðra UBS bank í Sviss, með um 8% afföllum. Hafi stefnandi síðar nefnt önnur möguleg viðskipti, þ.á m. við Foundation Orozco á Spáni, sem væri sjálfseignarstofnun utan um auðæfi spænsks aðalsmanns.

Fram komi í tölvupósti þessum, að bankanum hefði þótt ýmislegt óljóst í málinu, og við eftirgrennslan gegnum samskiptaaðila þeirra í Fortis bank hefði komið í ljós, að ábyrgðin hefði reynzt fölsuð.

Í tölvupóstinum segi áfram:

Holberg bað um fund með mér í gær þar sem hann kynnti Portúgala að nafni Jose Luis Pereira Gomes. Sá sagðist eiga heima í Algarve í Portúgal, væri með skrifstofu í Madrid, tíður gestur á Íslandi (10-30 heimsóknir undanfarið ár) og ynni fyrir Foundation Orozco (sbr. að ofan) og hefði þann starfa að vera verkefnastjóri víða um heim; í Ghana, Brasilíu, á Karíbahafseyjum og víðar.

Nokkru síðar segi í sama tölvupósti:

Gomes hafi reyndar, mér til undrunar, áhuga á því hvort ofangreind ábyrgð sem mér var sagt af Holberg að tengdist Foundation Orozco ekkert, væri staðfest. Aðspurður sagðist hann tengjast því máli einnig.

Í skýrslu Gomes fyrir lögreglu þann 19.1.2006 komi fram, að honum hafi verið kynnt efni tölvupóstskýttis frá Kristjáni Davíðssyni, varðandi þá tilteknu bankaábyrgð, sem um ræði í málinu. Þar segi Gomes þetta ekki rétt.

Í skýrslu Kristjáns Davíðssonar fyrir lögreglu þann 20.1.2006 lýsi hann nánar málavöxtum. Fram komi m.a., að Kristján hafi beðið stefnanda um að fá Jan Wilk til að veita bankanum heimild til að kanna áreiðanleika bankaábyrgðarinnar, og hafi það leyfi komið fljótlega, eða þann 12. janúar, sem viðhengi í PDF formi í tölvupósti til bankans frá Jan Wilk. Með þessu leyfi hafi fylgt strangar leiðbeiningar um það, hvernig skyldi fá staðfestingu á þessari bankaábyrgð. Vísað hafi verið í að afla staðfestingarinnar í gegnum svokallað SWIFT kerfi bankanna, en slíkt sé mjög óvenjulegt, sérstaklega þegar um sé að ræða viðskipti með viðlíka fjárhæðir.

Af hálfu lögreglu hafi þótt nauðsynlegt að hafa mennina þrjá í haldi á meðan þeir væru yfirheyrðir og leitað að frekari gögnum í fórum og á dvalarstöðum þeirra, sem varpað gætu frekara ljósi á tengsl þeirra við bankaábyrgðina.

Í yfirheyrslum lögreglu síðar nefndan dag hafi þeir Gomes og Diezma neitað allri aðild að viðskiptum um bankaábyrgðina og sagzt ekkert hafa um hana vitað.

Gomes hafi kveðizt vera fjármálaráðgjafi Orozco stofnunarinnar, en Diezma væri stjórnarformaður samtakanna. Hafi þeir átt von á 500.000 evra millifærslu frá stofnuninni á reikning í Íslandsbanka hf., en til hafi staðið að ávaxta peningana hér á landi. Hafi reyndar verið ætlunin að flytja allt fé, verðbréf, bankaábyrgðir o.fl. til Íslands og opna skrifstofur hér, en aðalskrifstofur stofnunarinnar væru í Madrid.

Diezma hafi kveðizt hafa leitað til Íslandsbanka hf. til að fjármagna Orozco Foundation, velgjörðarsamtök fyrir börn, en ætlunin hafi verið að stofna hér útibú. Hann hafi kveðizt vera forseti samtakanna. Aðalskrifstofa þeirra væri í Madrid á Spáni, en útibú væru í Venesúela, Portúgal, Brasilíu og Ghana. Hann hafi kveðizt búa við hliðina á aðalskrifstofu samtakanna og hefði hann sama símanúmer og samtökin. Samtökin væru með heimasíðu á netinu, en hann vissi ekki veffangið. Hann hafi haft í hyggju að kaupa stórt húsnæði hér á landi, sem rúmað gæti ýmsar uppákomur á vegum samtakanna.

Stefnandi hafi m.a. skýrt svo frá í yfirheyrslu hjá lögreglu hinn 19. janúar, að hann hefði enga bankaábyrgð séð og síðar í yfirheyrslunni hafi hann verið spurður að því, hvort hann kannaðist við afrit bankaábyrgðarinnar, en svar hans hafi verið á þá leið, að hann hefði aldrei séð þetta skjal fyrr en nú, þegar lögregla sýndi honum það. Hvað varðaði seljanda ábyrgðarinnar, hafi hann kveðið Nastec Ltd. vera sér óviðkomandi og eiganda þess, Jan Wilk, hefði hann aldrei hitt. Hann hefði fyrst heyrt af Jan Wilk hjá manni að nafni Herznegger, búsettum í Frankfurt, í desember sl. Samvinna hans við þá Gomes og Diezma hefði einungis verið fólgin í því að fá íslenska banka til að fjármagna framkvæmdir á vegum góðgerðarstofnunarinnar Orozco Foundation. Aðspurður, hvað hann vissi um þessa stofnun hafi stefnandi sagt, að hann hefði séð einhverja bæklinga um hana. Hann hefði jafnframt skoðað verkefni á vegum stofnunarinnar og hafi sér ekkert virzt athugavert við hana. Hann hafi tekið Diezma með á nefndan fund með starfsmönnum Íslandsbanka hf. vegna þess að hann hefði haft orð á því, að hann ætti von á bankapappírur og peningum

frá London, sem hefði átt að vera komnir til bankans fyrir fundinn.

Nauðsynlegt hafi þótt að handtaka stefnanda og hina 2 erlendu aðila og færa þá strax til yfirheyrslu hjá lögreglu, enda hafi legið fyrir rökstuddur grunur um þátttöku þeirra í stórfelldum fjársvikum. Skýrsla hafi verið tekin hjá lögreglu af Diezma fimmtudaginn 19.1.2006 frá kl. 16:18 til kl. 18:25. Skýrsla hafi verið tekin af Gomes frá kl. 19:30 til kl. 22:07 sama dag og af stefnanda sama dag frá kl. 21:08 til kl. 22:21. Við handtöku á stefnanda hafi fundizt í fórum hans afrit af 2 ábyrgðum frá rússneskum Gazprom banka, Moskvu, báðar dagsettar 25. desember 2005, samtals að andvirði 350.000.000 bandarískra dollara. Við leit hjá Diezma daginn eftir hafi fundizt afrit af ábyrgð frá spænskum banka á andvirði 500.000.000 íraskra dínara. Síðar hafi komið í ljós, samkvæmt upplýsingum frá ofangreindum bönkum, að allar ábyrgðirnar hafi verið taldar falsaðar.

Húsleit hafi verið gerð í bifreið stefnanda og á heimili hans með leyfi hans hinn 20.1.2006. Hafi tölva stefnanda verið haldlögð í þágu rannsóknar málsins.

Stefndi kveður, að þar sem talið hafi verið að rökstuddur grunur lægi fyrir um að stefnandi væri viðriðinn refsivert athæfi með því að reyna að selja bankanum ábyrgðina, hafi, í þágu rannsóknar málsins, jafnframt þótt nauðsynlegt að freista þess að tryggja nærveru allra mannanna hér á landi með því að krefjast þess fyrir héraðsdómi hinn 20. janúar, að þeim yrði með úrskurði bönnuð för af landinu í 2 vikur. Hafi þeir verið í haldi lögreglu unz þeir hafi verið leiddir fyrir dómara kl. 15.15. Ranghermt sé í stefnu, að það hafi verið kl. 15.53. Fram komi í svonefndri vistunarskýrslu lögreglu, að stefnandi hafi verið látinn laus úr fangaklefa kl. 14.49. Þinghaldi í Héraðsdómi Reykjavíkur vegna kröfu um farbann hafi lokið kl. 16.55. Úrskurður hafi verið kveðinn upp 21. janúar 2006, þar sem kröfu um farbann hafi verið hafnað, en stefnanda hafi verið sleppt daginn áður.

Unnið hafi verið áfram að rannsókn málsins. Tekin hafi verið skýrsla af Guðjóni Þór Victorssyni þann 23.01.2006 og af stefnanda aftur þann 26.01.2006. Þá hafi verið tekin skýrsla af þáverandi lögmanni stefnanda þann 02.02.2006. M.a. hafi verið könnuð afrit af þeim ábyrgðum, sem fundizt höfðu og leitað hafi verið aðstoðar Interpol og skýrslur teknar í Þýskalandi. Allar slíkar aðgerðir séu tafsamar. Ekki hafi náðst að upplýsa málið.

Lögregla hafi tilkynnt með bréfi, dags. 29.06.2006, að málið væri enn óupplýst og að ekki þættu að svo komnu vera næg efni til að halda áfram rannsókn þess héraðs og félli málið niður, en jafnframt hafi verið tekið fram, að rannsókn yrði tekin upp, gæfu nýjar upplýsingar tilefni til þess.

III

Málsástæður stefnanda

Stefnandi kveðst byggja málatilbúnað sinn á hendur stefnda á því í fyrsta lagi, að lögreglan í Reykjavík hafi, með óforsvaranlegum aðgerðum sínum gagnvart stefnanda, bakað ríkinu bótaskyldu með ólögmati handtöku og frelsissviptingu stefnanda. Þannig hafi skort lögmat skilyrði til slíkra aðgerða gagnvart stefnanda.

Í annan stað byggir stefnandi mál sitt á því, að ekki hafi verið nægilegt tilefni til þessara aðgerða í samræmi við ákvæði 176. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Í þriðja lagi byggir stefnandi á því, að málsmeðferð lögreglunnar hafi dregizt óeðlilega. Að lokum telur stefnandi, að jafnvel þótt talið verði, að ástæður fyrir handtökunni hafi verið lögmætar í öndverðu, hafi honum verið haldið lengur en nauðsyn hafi krafið.

Stefnandi kveður handtöku lögreglunnar í Reykjavík þann 19. janúar 2006 hafa í fyrsta lagi verið ólögmæta sökum þess, að ekki hafi verið fyrir hendi rökstuddur grunur um, að stefnandi hefði framið brot, sem sætt gæti ákæru, sbr. áskilnað þess efnis í fyrri málslið 1. mgr. 97. gr. laga um meðferð opinberra mála, sem og í c-lið 1. mgr. 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur hafi verið hér á landi með lögum nr. 62/1994. Ósannað sé, að mati stefnanda, að lögreglan hafi haft rökstuddan grun um, að stefnandi hefði framið brot þau, sem voru tilefni handtöku hans og frelsissviptingar.

Í þessu sambandi vísi stefnandi til þess, að fram komi í skýrslum lögreglu, að lögreglan hafi fengið tilkynningu um meint brot símleiðis frá lögfræðingi, sem starfi hjá Íslandsbanka. Þær upplýsingar hafi verið á þá leið, að stefnandi hefði leitað til bankans og boðið margumrædda bankaábyrgð til sölu. Eins hafi þær upplýsingar verið veittar, að stefnandi væri væntanlegur á fund, ásamt tveimur útlendingum, sem tengdust hugsanlegum kaupum á bankaábyrgðinni.

Við skýrslutöku af vitnum hafi hins vegar fengizt aðrar upplýsingar hjá starfsmönnum Íslandsbanka. Kristján Þórarinn Davíðsson, viðskiptastjóri á alþjóðasviði Íslandsbanka, segi í skýrslutöku, að umrædd bankaábyrgð hefði borizt til bankans með tölvupósti frá Jan Wilk þegar hinn 12. janúar. En pósturinn hafi upphaflega verið sendur til Guðjóns Þórs Victorssonar, útibússtjóra Íslandsbanka við Kirkjusand. Auk þess staðfesti vitnaskýrslurnar, að það hafi verið í hendi Íslandsbanka að staðfesta áreiðanleika ábyrgðarinnar og áreiðanleika Jans Wilk. Í framhaldinu hafi Kristján Þórarinn verið í beinu sambandi við eiganda bankaábyrgðarinnar varðandi hugsanleg kaup, en stefnandi hafi þó haft milligöngu um öflun leyfis fyrir áreiðanleikakönnun á ábyrgðinni. Jan Wilk hafi sjálfur boðið bankanum ábyrgðina til kaups, eins og áður segi, fyrst 2. janúar, en aftur 12. janúar.

Stefnandi telji sannað, að lögreglan í Reykjavík hafi ekki haft neinar vísbendingar eða ástæður, sem hafi gefið tilefni til þess að ætla, að rökstuddur grunur léki á, að stefnandi hefði framið afbrot, sem ylli því, að handtaka væri heimil samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

Lögreglu sé einungis heimilt að handtaka mann samkvæmt 1. mgr. 97. gr. laga um meðferð opinberra mála, þegar rökstuddur grunur sé fyrir hendi um, að hann hafi framið brot. Lögreglan hafi einungis stuðzt við munnlegar upplýsingar, sem hafi fengizt símleiðis frá lögfræðingi Íslandsbanka. Engin gögn hafi verið til staðar, sem hafi stutt ásanir umrædds starfsmanns. Virðist ljóst vera, að lögreglan hafi látið orð hans nægja, en ekkert annað gert til þess að kanna réttmæti þeirra. Síðar hafi komið í ljós, að upplýsingar, sem starfsmaðurinn veitti, hafi verið rangar. Hin falsaða bankaábyrgð hafi ekki borizt Íslandsbanka með boð um kaup frá stefnanda, heldur með tölvupósti frá Jan Wilk.

Þá telji stefnandi ekkert viðbótarskilyrða 2. mál. 1. mgr. 97. gr. laga um meðferð opinberra mála hafa verið uppfyllt, þar sem ekki hafi verið nauðsynlegt að handtaka stefnanda til þess að koma í veg fyrir áframhaldandi brot, eða til þess að tryggja návist stefnanda sem grunaðs manns og öryggi, hvað þá til þess að koma í veg fyrir, að stefnandi spillti sönnunargögnum. Handtaka stefnanda hafi þannig ekki verið gerð á grundvelli einhverra þessara lögmæltu þriggja markmiða að mati stefnanda. Stefnandi telji sannað, að stefndu hafi brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 97. gr. laga um meðferð opinberra mála. Í þessu samhengi vísi stefnandi enn fremur til meðalhófsreglu 12. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, sem felur í sér, að lögreglu sé ekki heimilt að beita íþyngjandi úrræði eins og handtöku, nema því aðeins að ekki sé hægt að ná því markmiði, sem að sé stefnt, með öðru og vægara móti. Sé það álit stefnanda, að meðalhófsreglan hafi verið brotin, sem og ákvæði 2. mgr. 13. gr. lögreglulaga nr. 19/1996. Þannig hafi lögreglunni nægt að leggja hald á umrædda bankaábyrgð, en afrit hennar hafi verið í vörzlu Íslandsbanka. Með því telji stefnandi, að lögreglan í Reykjavík hefði gert allt, sem nauðsynlegt teljist, til að koma í veg fyrir, að afbrot yrði framið, ellegar að sönnunargögnum væri spillt. Ekki hafi heldur verið um að ræða, að lögreglan væri með handtöku stefnanda að koma í veg fyrir, að hann spillti rannsóknarhagsmunum. Hafi því ekki verið til staðar lögmæt skilyrði fyrir handtöku stefnanda. Ekki verði heldur séð, að lögreglan hafi þurft að grípa til þess þvingunarúrræðis, sem felist í handtöku. Þá hafi framkvæmdin verið óþarflega særandi og móðgandi, en þír lögreglumenn hafi beðið stefnanda og viðskiptafélaga hans í Íslandsbanka 19. janúar, er þeir sátu þar viðskiptafund vegna máls, alls ótengdan umræddri bankaábyrgð.

Auk framangreinds telji stefnandi, að sá dráttur, sem hafi orðið á málsmeðferð lögreglu í málinu, hafi verið óeðlilegur og óskýrður með öllu og falið í sér brot gegn friði og æru stefnanda og til þess fallinn að valda honum tjóni. Rannsókn hafi staðið yfir í sex mánuði, en stefnandi telji, að rannsóknargögn, sem aflað hafi verið á fyrstu stigum rannsóknarinnar, hafi sannað sakleysi hans. Tveir starfsmenn Íslandsbanka hafi staðfest, í yfirheyrslum 20. og 23. janúar, að umrædd bankaábyrgð hefði ekki borizt bankanum frá stefnanda, heldur erlendum aðila. Þrátt fyrir þessar upplýsingar hafi rannsókn málsins á þætti stefnanda ekki verið felld niður fyrr en 30. júní 2006. Hafi sú töf verið til þess fallin að skaða viðskiptahagsmuni stefnanda, og hafi lögreglu verið það vel ljóst.

Í annan stað kveðst stefnandi byggja málatilbúnað sinn á hendur stefndu á því, að jafnvel þótt talið verði, að ástæður fyrir handtökunni hafi verið fyllilega lögmætar í öndverðu, þá leiði það af meðalhófsreglunni, að sú frelsisskerðing, sem leiði af handtöku, eigi að standa eins stutt og kostur sé. Þannig sé skylt að láta handtekinn mann lausan, komi í ljós, að ekki sé þörf á að halda honum lengur í þágu rannsóknar, enda þótt ástæður fyrir handtökunni hafi í upphafi verið fyllilega lögmætar. Stefnandi telji sannað, að honum hafi verið haldið mun lengur en þörf hafi verið á. Ekki hafi verið tekin af honum skýrsla fyrr en klukkan 20.47, eða 5 klukkutímum og 47 mínútum eftir handtökuna, og stefnandi hafi ekki verið látinn laus fyrr en rúmum 25 klukkustundum eftir handtökuna. Hafi ekki verið sýnt fram á nauðsyn þess að halda stefnanda þennan tíma og svipta hann þar með frelsi sínu lengur en nauðsyn krafði í þágu rannsóknar málsins.

Hinar ólögmætu aðgerðir lögreglu hafi valdið stefnanda fjárhagslegu tjóni, sem og miska. Sé á því byggt, að stefndi beri skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda á

grundvelli meginreglu skaðabótaréttar um vinnuveitandaábyrgð.

Með vísan til 2. mgr. 172. gr. laga um meðferð opinberra mála sundurliðist krafan á eftirtalinn hátt:

Fjártjón.

Eins og þegar sé komið fram, sé stefnandi sjálfstætt starfandi ráðgjafi. Í framhaldi af handtöku lögreglu hafi verið hætt við flest þau verk, sem stefnandi hafði starfað að. Þegar það varð ljóst, að hætt hefði verið við verkefni, hafi stefnandi leitað til Mannafli og Hagvangs í þeim tilgangi að kanna, hvort hann væri gjaldgengur á vinnumarkaðinum, enda engar tekjur af sjálfstæðum rekstri að hafa, þegar verkefni lögðust af. Sé skemmst frá því að segja, að stefnandi hafi fengið þær upplýsingar, að hann væri kominn á svartan lista á vinnumarkaði, en öllum atvinnuumsóknum hans hafi verið hafnað, ellegar þess óskað, að umsókn hans yrði dregin til baka.

Þannig hafði stefnandi, allt frá árinu 2005, unnið að viðskiptaáætlun fyrir „Casino“ leikjum á veraldarvefnum. Eins og algengt sé með verk af þessum toga, hafi stefnandi unnið að verkefni á eigin vegum og á eigin kostnað, en ef vel hefði tekizt til, hafi stefnandi átt að fá greitt fyrir þá vinnu, sem og þann kostnað, sem hann hafi haft af verkefni, auk þess sem stefnandi hafi átt að fá hlut í félaginu. Þann 19. janúar hafi verkefnið verið komið langt á veg, og hafði náðst að fá menn til að skrá sig fyrir hlutafé fyrir a.m.k. 200.000.000 króna. Hafi átt að ganga frá hlutafjárlofordum með skriflegum hætti í vikunni eftir að handtakan fór fram. Í framhaldi handtökunnar hafi menn hætt við að fara út í viðskipti með stefnanda og haldið að sér höndum. Hálfu ári síðar, þegar málið var fellt niður gegn stefnanda, hafi fjárfestarnir verið búnir að fjárfesta í öðrum verkefnum. Hafi stefnandi þannig sannanlega orðið af launum vegna þegar unninnar vinnu, sem og fyrir missi á hagnaði.

Þess utan hafi Orozco fallið frá því að eiga viðskipti með stefnanda, en stefnandi hafi unnið að margvíslegum verkefnum í þágu félagsins, m.a. að fjármögnun mannúðarverkefna, sem samtökin hafi staðið að. Við handtöku forsvarsmanna Orozco í Íslandsbanka, sem og sökum handtöku stefnanda, hafi verið hætt við að kaupa frekari ráðgjöf stefnanda með tilheyrandi tekjutapi fyrir hann. Eins hafi stefnandi orðið af því að fá þóknun fyrir sölu tveggja lögmætra bankaábyrgða uppá €250.000.000 og €300.000.000, en þóknun hafi verið umsamin 1% af söluverðinu. Eins hafi samtökin neitað að greiða stefnanda útlagðan kostnað, að fjárhæð €21.000, þar sem viðskiptin hefðu ekki gengið eftir.

-

Miskabætur

Ólögðar aðgerðir lögreglunnar hafi ótvírætt falið í sér ólögð meingerð gegn frelsi, friði, æru og persónu stefnanda sem hafi valdið miska, sem stefndi beri ótvírætt skaðabótaábyrgð á samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Við mat á hæfilegum miskabótum til handa stefnanda beri að taka tillit til

Þess, að lögregla hafi enga ástæðu haft til þess að handtaka stefnanda, hversu móðgandi og særandi handtakan var, hversu lengi hann var í haldi lögreglu, án þess að séð verði, að ástæða hafi verið til, sem og þess að hann hafi í hálf t ár verið undir grun um alvarleg brot, og að rannsókn lögreglu hafi verið til þess fallin að kasta rýrð á starfsheiður stefnanda sem sjálfstætt starfandi ráðgjafa. Enn fremur beri að líta til þess, að neikvæð umfjöllun hafi átt sér stað í fjölmiðlum, en lögregluþyrifvöld hafi verið í sambandi við fjölmiðla, meðan á rannsókninni stóð. Sé miski stefnanda mikill og krafa hans um miskabætur að fjárhæð kr. 1.000.000 mjög hófstíllt.

Stefnandi vísi til laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, einkum ákvæða IX. kafla, XII. kafla og XXI. kafla þeirra laga. Þá vísi stefnandi til stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, 67. gr. og 70. gr. stjórnarskrár íslenska lýðveldisins, sbr. lög nr. 33/1944, mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Enn fremur vísist til 5. og 6. gr. meginsamnings Evrópuráðsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

Skaðabótaskylda íslenska ríkisins byggist á 175. og 176. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, almennum reglum skaðabótaréttar um skaðabætur utan samninga og húsbóndaábyrgð og 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Enn fremur vísist til lögreglulaga nr. 90/1996. Um tjón stefnanda vísast til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Krafa um málskostnað byggist á 130. gr. laga nr. 91/1991. Um vaxtakröfu stefnanda vísist til laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Vísað sé í ákvæði laga um meðferð einkamála nr. 19/1991, einkum 130. gr. um málskostnað, og sé gerð krafa um dæmdan málskostnað, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál. Krafa um virðisaukaskatt styðjist við lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, en stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur aðili. Um varnarþing vísist til 3. mgr. 33. gr. laga 91/1991.

Málsástæður stefnda

Stefndi mótmælir öllum málsástæðum stefnanda.

Stefnandi hafi beint áskorun til stefnda um að leggja fram öll rannsóknargögn í máli nr. 010-2006-02553. Stefndi telji, að á rannsóknarstigi hafi stefnandi fengið afrit allra gagna varðandi rannsókn málsins, sem kleift hafi verið að veita, en gögn, sem tengist rannsókn erlendis, verði ekki afhent stefnanda.

Á því sé byggt af hálfu stefnda, að fullnægt hafi verið skilyrðum laga fyrir öllum aðgerðum lögreglu, sem fjallað sé um í máli þessu. Fyrir hafi legið rökstuddur grunur um þátttöku stefnanda í stórfelldum fjársvikum gagnvart Íslandsbanka hf. með þeim hætti að reyna að selja bankanum falsaða erlenda bankaábyrgð frá Fortis bankanum í Brussel í Belgíu, að fjárhæð 60.000.000 evrur. Handtakan hafi verið nauðsynleg, að mati stefnda, og fyllilega í samræmi við 97. gr. laga nr. 19/1991, og sé öðru mótmælt sem röngu. Að mati stefnda hafi verið heimilt að halda stefnanda þann tíman sem hann var í haldi lögreglu, og sé öðru mótmælt sem röngu. Sérstaklega sé því mótmælt, að stefnandi telji sannað, að honum hafi verið haldið mun lengur en þörf var á.

Því sé mótmælt, að stefndi hafi brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 97. gr. laga nr. 19/1991. Því sé einnig mótmælt, að stefndi hafi brotið gegn meðalhöfsreglu 12. gr.

stjórnsýslulaga og 2. mgr. 13. gr. lögregluglaga nr. 90/1996. Ranglega sé vísað í stefnu til laga nr. 19/1996.

Framburður stefnanda og hinna tveggja erlendu aðila hafi þótt ótrúverðugur. Hafi þótt vera ósamræmi í framburði þeirra varðandi fyrirætlanir Orozcoe stofnunarinnar hér á landi og tilgangi fundar þeirra með starfsmönnum Íslandsbanka hf. og ýmis atriði varðandi stofnunina. Þá hafi framburður stefnanda varðandi bankaábyrgðina og viðskipti við svonefndan Jan Wilk þótt vera sérstaklega tortryggilegur, þegar höfð hafi verið í huga sú háa peningaupphæð, sem um var að tefla. Hafi þótt nauðsynlegt að afla upplýsinga um Jan Wilk. Reyndar hafi ekki verið vitað, hvort sá maður væri í raun til. Þá hafi verið nauðsynlegt að afla frekari upplýsinga um Gomes, Diezma og Orozcoe stofnunina, en leit lögglumanna að upplýsingum um stofnunina á netinu hafi ekki borið árangur. Jafnframt hafi þótt nauðsynlegt, að kanna, hvort Gazprom-banki, sem skráður sé fyrir bankaábyrgðinni, sem hafi fundizt í afriti hjá stefnanda, gæti staðfest hana sem réttur útgefandi.

Þá hafi, við leit hjá stefnanda, fundizt afrit tveggja annarra bankaábyrgða, sem hafi einnig reynzt falsaðar. Síðar í rannsókninni hafi komið í ljós, að þeir tveir erlendu menn, sem handteknir voru á sama tíma og stefnandi, hafi báðir verið á skráum erlendis fyrir fjársvik.

Verulegir hagsmunir hafi tengt því, að málið yrði upplýst, en um gífurlegar fjárhæðir hafi verið að ræða.

Að mati stefnda verði bóta samkvæmt XXI. kafla laga nr. 19/1991 aðeins krafizt fyrir þær aðgerðir, sem þar séu taldar upp. Ótvírátt sé, að handtaka falli undir XXI. kafla laganna. Leit hafi verið gerð með samþykki stefnanda og falli því, að mati stefnda, utan XXI. kafla laganna, en ekki virðist gerð krafa um bætur fyrir leit í málinu. Að mati stefnda séu engin skilyrði til að dæma bætur fyrir leit.

Í 175. og 176. gr. laga nr. 19/1991 séu tæmandi taldar þær aðgerðir, sem leitt geti til bótaskyldu ríkisins. Ákvæðin taki ekki til rannsóknar máls, og verði rannsókn lögreglu umfram þann tíma, sem stefnandi sætti haldi lögreglu, ekki felldur undir framangreind bótaákvæði laga nr. 19/1991. Ákvæði 175. og 176. gr. laga nr. 19/1991 heimili að taka kröfu um bætur til greina, að fullnægðum þar til greindum skilyrðum, en feli ekki í sér skyldu til greiðslu bóta. Það sé margdæmt af Hæstarétti, að þessar greinar laganna verði ekki túlkaðar með þeim hætti, að sýknudómur, niðurfelling rannsóknar eða það, að horfið sé frá saksókn, leiði sjálfkrafa til bótaskyldu stefnda. Tilvitnuð ákvæði stjórnarskrár í stefnu og Mannréttindasáttmála Evrópu leiði heldur ekki til slíkrar hlutlægrar ábyrgðar. Vísist til dóms Hæstaréttar í máli nr. 311/2004 vegna umfjöllunar um tengsl bótaákvæða XXI. kafla laga nr. 19/1991 og þessara tilvitnuðu ákvæða.

Því sé mótmælt, að nægilegt hefði verið að leggja hald á umrædda bankaábyrgð, eins og haldið sé fram í stefnu.

Á því sé byggt af hálfu stefnda, að aðgerðir lögreglu hafi verið lögmætar og nægilegt tilefni hafi verið til þeirra. Þær hafi ekki verið framkvæmdar á hættulegan, særandi eða móðgandi hátt, sbr. 176. gr. laga nr. 19/1991, og sé öðru mótmælt sem röngu. Vísist í því sambandi til laga nr. 19/1991, m.a. til XII. kafla

laganna. Á því sé byggt, að aðgerðir lögreglu hafi verið framkvæmdar á lögmætan hátt og lagaskilyrðum til beitingar þvingunarúrræða fullnægt að öllu leyti.

Á því sé byggt, að aðgerðir lögreglu hafi verið hóflegar og ekki gengið lengra en tilefni var til.

Rannsókn málsins hafi verið hraðað, eins og kostur var. Á það sé bent, að leita hafi þurft atbeina Interpol, og hafi verið teknar skýrslur í Þýskalandi. Að mati stefnda verði að taka tillit til umfangs málsins og þeirrar staðreyndar, að leita hafi þurft út fyrir landsteina Íslands til frekari rannsóknar á málinu. Stefndi hafi ekki, með rannsókn sinni, valdið stefnanda neinu tjóni, og sé öðru mótmælt sem röngu. Fyrir sé að því vikið, að rannsókn máls falli ekki undir bótakafla XXI. kafla laga nr. 19/1991, en komist dómurinn að annarri niðurstöðu, sé á því byggt, að ekki séu skilyrði til að dæma stefnanda bætur. Aðgerðir lögreglu séu heldur ekki bótaskyldar samkvæmt öðrum skaðabótareglum, sem tilgreindar séu í stefnu. Á því sé byggt, að tími, meðan stefnandi var í haldi og eftir það fram að bréfi á dskj. 21, hafi verið vel nýttur og reynt að hraða rannsókn, eins og kostur hafi verið.

Engri sök sé fyrir að fara hjá yfirvöldum eða starfsmönnum þeirra og ekki fyrir að fara sagnæmri eða ólögmætri háttsemi af þeirra hálfu.

Hvorki stefndi né starfsmenn, sem hann beri ábyrgð á, hafi valdið stefnanda tjóni. Stefnandi hafi sönnunarbyrði fyrir öllu, sem bótakröfu hans viðkomi, m.a. um sök, orsakasamband, tjón, sennilega afleiðingu o.fl.

Að mati stefnda hafi stefnandi sjálfur stuðlað að því, að hann hafi verið handtekinn, en hann hafi haft í förum sínum afrit af fölsuðum ábyrgðum með stórkostlegum fjárhæðum. Því sé á því byggt, að stefnandi hafi sjálfur valdið og stuðlað að þeim aðgerðum, sem stefnandi reisi kröfur sína á, sbr. 2. ml. 1. mgr. 175. gr. laga nr. 19/1991, og að hann eigi engan rétt til bóta.

Þá sé á því byggt af hálfu stefnda, að aðgerðir yfirvalda hafi verið í samræmi við hefðbundna réttarframkvæmd, og að faglega hafi verið staðið að aðgerðum yfirvalda í málinu og beitt eins vægum aðferðum og unnt hafi verið, með hagsmuni stefnanda í huga, og að aðgerðir og frelsisskerðing hafi verið skammvinn og ekki varað lengur en nauðsyn krafði.

Kröfum stefnanda vegna meints fjártjóns og miskabóta sé mótmælt. Öllum rökstuðningi stefnanda fyrir kröfum þessum sé mótmælt. Að mati stefnda verði bótakrafa ekki reist á væntingum, eins og fram komi m.a. í stefnu, neðst á bls. 4 og áfram á bls. 5. Því sé mótmælt, að stefnandi hafi sannanlega orðið af launum og misst hagnað. Bréfum á dskj. 22 -25 er mótmælt. Fullyrðingum um, að stefnandi hafi orðið af þóknun fyrir sölu ábyrgða sé mótmælt sem fráleitum. Miskabótakröfu sé einnig mótmælt. Ekki sé fullnægt skilyrðum 26. gr. laga nr. 50/1993 né annarra bótaákvæða. Vísað sé til kafla í greinargerð þessari um frávisunarkröfu stefnda, en þar sé gerð grein fyrir því, að verulegt misræmi sé í kröfugerð í stefnu. Ekki sé að sjá, að í dómkröfum sé gerð krafa um miskabætur, en verði talið að þær hafi verið gerðar, sé þeim mótmælt. Því sé mótmælt, að lögregla verði gerð ábyrg fyrir fjölmiðlaumfjöllun.

Á það sé bent af hálfu stefnda, að málið sé enn óupplýst.

Vísað sé til sjónarmiða, sem koma fram í kafla um frávísunarkröfu stefnda.

Því sé mótmælt, að stefnanda hafi tekizt að sanna, að hann hafi orðið fyrir tjóni, og sé skjölum, sem hann leggi fram í málinu um meint tjón sitt, mótmælt. Um algera vanreifun sé að ræða í stefnu.

Um málskostnaðarkröfu sé vísað til 130. gr. laga nr. 91/1991.

Til vara sé þess krafizt, að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður felldur niður. Vísað sé til sömu sjónarmiða og málsástæðna og raktar séu hér að framan. Stefndi vísi einnig til 2. ml. 1. mgr. 175. gr. laga nr. 19/1991 um lækkun bóta vegna eigin sakar stefnanda, en á því sé byggt, að stefnandi hafi valdið, eða stuðlað að, þeim aðgerðum, sem hann reisi kröfur sínar á. Fjárfrafa stefnanda sé allt of há og sé henni mótmælt. Hún sé ekki í samræmi við dómaframkvæmd hér á landi.

Að mati stefnda séu ekki skilyrði til að dæma miskabætur í máli þessu. Fyrir sé að því vikið, að af dómkröfum verði ekki ráðið, að gerð sé miskabótakrafa í málinu. Verði talið, að stefnandi hafi gert slíka kröfu, sé hún allt of há.

Þá sé vaxta- og dráttarvaxtakröfu mótmælt, sem og öllum málsástæðum stefnanda.

Stefndi vísi til XXI. kafla laga nr. 19/1991, sérstaklega til 175. gr. og 176. gr. s.l., auk þeirra lagatiltvinnana, sem vísað sé til í greinargerð stefnda. Þá sé vísað til almennra reglna skaðabótaréttar. Um málskostnaðarkröfu sé vísað til 130. gr. laga nr. 91/1991.

IV

Forsendur og niðurstaða

Fyrir dóminn komu til skýrslugjafar auk stefnanda vitnin Guðjón Magnússon, fulltrúi hjá Lögreglustjóranum í Reykjavík, Baldvin Einarsson, lögreglufulltrúi í Reykjavík, Gylfi Dýrmundsson, rannsóknarlögreglumaður, Kristján Þórarinn Davíðsson, sem var starfsmaður á alþjóðasviði í Íslandsbanka, og Guðjón Þ. Viktorsson, viðskiptastjóri viðskiptasviðs Glitnisbanka.

Þegar framburður aðila og vitna er virtur þykir ljóst, að ástæður handtöku stefnanda voru þær, að starfsmaður Íslandsbanka, vitnið Kristján Þórarinn Davíðsson, taldi sig hafa ástæðu til að ætla, að stefnandi og hinir erlendu viðskiptavinir hans tveir, sem áttu fund með vitninu í bankanum, tengdust allir hinni fölsuðu bankaábyrgð, sem Þjóðverjinn, Jan Wilk, bauð bankanum til kaups, en óumdeilt er, að stefnandi kom á tengslum milli Jans Wilk og bankans. Að undirlagi Kristjáns hafði lögfræðingur bankans því samband við lögreglu. Baldvin Einarsson lögreglufulltrúi, sem lögfræðingur bankans hafði samband við, kvað lögmanninn hafa tjáð sér, að von væri á mönnum á fund í bankanum eftir skamma stund, og væru þeir að selja þar falsaða bankaábyrgð, og var m.a. óskað eftir því, að

fundurinn yrði hleraður, sem lögreglan hafnaði reyndar.

Kristján Þórarinn skýrði svo frá fyrir dómi, að Spánverjinn, Jose Louis Gomes, hefði spurt sig á fundinum, hvort staðfesting bankaábyrgðarinnar væri komin. Gomes hafi ekki nefnt Jan Wilk á nafn, en vitninu hafi ekki blandast hugur um, að átt væri við þá bankaábyrgð, sem Jan Wilk var að bjóða bankanum til kaups; ekki hefði verið um neina aðra bankaábyrgð að ræða. Hann kvað sér hafa komið það verulega á óvart, að strax í upphafi fundarins hafi Gomes haft mestan áhuga á því, hvort tekizt hefði að staðfesta bankaábyrgðina. Spurður, hvort bankaábyrgðin hefði ekki áður verið búin að tengjast Gomes, svaraði vitnið „Nei, þess vegna varð ég mjög hissa, þegar hann spurði, hvort búin væri að staðfesta bankaábyrgðina. Hvernig átti hann að vita um hana.“

Framangreindur framburður vitnisins Kristjáns er sérkennilegur í ljósi þess, að áður en fundurinn hófst, var, að hans tilstilli, kvódd til lögregla á þeirri forsendu, að þessir þrír menn tengdust allir umræddri bankaábyrgð, en engu að síður verður hann undrandi á fyrirspurn Gomes og spyr, hvernig hann hafi átt að vita um bankaábyrgðina. Sérstaklega spurður um, hvers vegna beðið hafi verið um aðstoð lögreglu, þegar fundarefnið hafi átt að vera allt annað en bankaábyrgðina, sem síðan hafi borið óvænt upp á fundinum, svaraði hann, að það hefði verið „skítalykt af öllu þessu máli, frá upphafi til enda“.

Guðjón Magnússon, fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík, skýrði svo frá m.a., að sér hefði skilizt allan tímann, að stefnandi hefði sjálfur framvísað hjá bankanum, í umboði annars, bankaábyrgð, sem síðan reyndist fölsuð, og hafi honum skilizt á bankanum, að bankinn hefði fengið staðfest þennan morgun, sem handtakan fór fram, að ábyrgðin stafaði ekki frá þeim banka, sem hún átti að gera. Samkvæmt framburði Guðjóns Magnússonar, fundust engin gögn í fórum stefnanda, sem tengdust sakarefninu, þegar hann var handtekinn. Sérstaklega spurður, hvort einhverju hefði breytt um handtökuna, ef lögreglan hefði haft þær upplýsingar, að stefnandi hefði ekki framvísað bankaábyrgðinni sjálfur, heldur einungis komið á samskiptum milli bankans og Jans Wilk og verið með fyrirspurnir, kvaðst hann ekki vera viss um það, þar sem ekkert hefði verið vitað um Jan Wilk eða hvort hann væri yfirleitt til. Spurður, hvað lögreglan hefði haft fyrir sér í því, að stefnandi væri að leika annan mann, þ.e. Jan Wilk, svaraði hann, að þeir hefðu haft framburð starfsmanna Glitnis um það, að bankaábyrgðin, sem framvísað hafði verið við bankann væri fölsuð, en lögreglan hefði staðið í þeirri trú fyrst, að stefnandi hefði sjálfur framvísað henni.

Handtökuheimild, sem lögregla byggði á í máli þessu, er að finna í 1. mgr. 97. gr. 1. um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, en greinin hljóðar svo:

Lögreglu er rétt að handtaka mann, ef rökstuddur grunur er á, að hann hafi framið brot, sem sætt getur ákæru, enda sé handtaka nauðsynleg til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot, tryggja návist hans og öryggi eða koma í veg fyrir, að hann spilli sönnunargögnum.

Eins og mál þetta er vaxið, og með hliðsjón af framburði lögreglufulltrúans og bankastarfsmannsins, þykir sýnt, að handtakan var byggð á röngum upplýsingum til lögreglu, þess efnis, að stefnandi væri með falsaða bankaábyrgð, sem hann hefði framvísað persónulega og væri að reyna að selja bankanum. Lögregla gekk ekki úr skugga um, fyrir handtökuna eða við handtökuna, að rökstuddur grunur væri fyrir hendi um, að stefndi hefði framið það brot, sem bankinn sakaði hann um. Þannig fékk lögregla ekki afhent gögn þau, sem bankinn byggði kæru sína á. Þá fundust engin gögn á stefnanda, sem tengdu hann við umrædda bankaábyrgð, en afrit af öðrum bankaábyrgðum, eða önnur gögn, sem fundust í fórum stefnanda, tengdust á engan hátt umræddri bankaábyrgð, og er algerlega ósönnuð sú staðhæfing stefnda, að þær hafi reynzt falsaðar. Þá er ósönnuð sú staðhæfing stefnda, að viðskiptafélagar stefnanda, sem voru með honum á fundinum, hafi tengzt fjársvikum erlendis, eða að ferill þeirra hafi nokkuð með tengsl stefnanda við umrædda bankaábyrgð að gera. Þá er ósannað, að handtakan hafi verið nauðsynleg til að tryggja návist stefnanda eða koma í veg fyrir, að hann spillti sönnunargögnum og hafa engin haldbær rök verið færð fyrir því af hálfu stefnda. Er því fallizt á með stefnanda, að handtakan hafi verið ólögmæt, eins og á stóð, og bera stefnanda bætur fyrir, að kröfu hans, samkvæmt 176. gr. 1. nr. 19/1991, sbr. 175. gr. s.l.

Samkvæmt 176. gr. má dæma bætur vegna handtöku, leitar á manni eða í húsi, halds á munum, rannsóknar á heilsu manns, gæzluvarðhalds, sem og annarra aðgerða, sem hafa í för með sér frelsisskerðingu, aðrar en fangelsi.

Í málsreifun stefnanda er bótakrafa stefnanda tvíþætt. Er annars vegar gerð krafa um bætur fyrir fjártjón og hins vegar fyrir miska.

Stefnandi tilgreinir hvergi í sínum málartilbúnaði, hvert meint fjártjón hans hefur verið, ef frá er talin meint þóknun fyrir sölu tveggja bankaábyrgða og missir útlagðs kostnaðar. Hann byggir á því, að hann hafi misst verkefni og viðskiptasambönd, og hefur hann m.a. lagt fram bréf frá viðskiptamönnum, sem eigi að staðfesta, að hann hafi beðið fjárhagslegt tjón vegna handtökkunnar.

Engin gögn liggja fyrir um, að stefnandi hefði getað selt umræddar bankaábyrgðir, eða að hann hafi orðið af sölu þeirra vegna handtökkunnar. Þá liggja hvorki fyrir skattskýrslur stefnanda né önnur gögn, sem gætu varpað ljósi á meint fjártjón hans. Þá liggur ekkert fyrir um meintan hagnað, sem stefnandi hafi orðið af vegna missis viðskiptasambanda. Er þannig algerlega ósannað, að stefnandi hafi orðið fyrir fjártjóni, sem leiða má að handtöku stefnanda.

Miskabótakröfu sína byggir stefnandi á því, að handtakan hafi verið ólögmæt, hún hafi verið móðgandi og særandi og honum hafi verið haldið lengur en þörf var á. Þá hafi rannsókn lögreglu verið til þess fallin að kasta rýrð á starfsheiður hans. Vísar stefnandi jafnframt til neikvæðrar umfjöllunar í fjölmiðlum.

Máli þessu var vísað frá með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur hinn 12. september 2007, þar sem kröfugerð var talin óskýr. Með dómi Hæstaréttar hinn 15. október s.á., var úrskurðurinn felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka kröfur stefnanda til efnismeðferðar. Í dómi Hæstaréttar er sérstaklega tekið fram, að ekki séu þeir annmarkar á miskabótakröfu stefnanda, að ekki verði um hana dæmt. Er þegar af þeim sökum ekki fallizt á andmæli stefnda í greinargerð, þar

sem hann byggir á því, að ekki sé að sjá af dómkröfum, að miskabætur hafi verið gerðar.

Fallast má á með stefnda, að hann beri ekki ábyrgð á umfjöllun fjölmiðla um handtöku stefnanda. Hins vegar bera stefnanda bætur, svo sem fyrr er rakið, vegna þess, að ekki voru fyrir hendi skilyrði handtökunnar. Samkvæmt framburði stefnanda sjálfs er ekki fallizt á, að handtakan sjálf hafi verið framkvæmd með óþarflega særandi eða móðgandi hætti. Ber þá að líta til þess, að stefnandi var ekki handjárnaður, og óeinkennisklæddir lögreglumenn fylgdu honum út úr bankanum. Stefndi ber hins vegar ekki ábyrgð á því, að um handtökuna hafi spurzt í bankanum og margir bankastarfsmenn hafi verið vitni að því, að stefnandi var leiddur burt, enda liggur ekkert fyrir um það, að lögregla hafi látið þau tíðindi spyrjast um bankann. Við ákvörðun bóta verður hins vegar að líta til þess, að stefnandi var í haldi lögreglu í u.þ.b. 25 klukkustundir, áður en hann var leiddur fyrir dómara, sem er brot á stjórnarskrárvörðum réttindum hans, sbr. 3. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar. Ekkert liggur fyrir um það, að stefnandi hafi sjálfur, með hegðun, sinni orðið valdur að handtökunni, eða því hve vistun hans dróst á langinn. Þykja miskabætur honum til handa hæfilega ákveðnar kr. 200.000. Vextir leggjast á þá fjárhæð eins og krafizt er.

Þar sem stefnandi hefur gjafsókn í máli þessu, verður stefndi ekki dæmdur sérstaklega til greiðslu málskostnaðar.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda ákveðst kr. 700.000 og greiðist úr ríkissjóði. Hefur þá ekki verið litið til virðisaukaskatts.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

-

D Ó M S O R Ð

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda, Holberg Mássyni, kr. 200.000, ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 19. janúar 2006 til dómsuppsögudags, 16. desember 2008, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, kr. 700.000, greiðist úr ríkissjóði.

Sigríður Ólafsdóttir